

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Sérgreinin sem ég hafði engan áhuga á

Það var 30. nóvember 1987 og hálft ár frá útskrift úr læknadeild Háskóla Íslands. Ég sat í aðalbyggingu Háskólans, á rannsóknarstofu í líffærafræði og var að teikna mynd af örsæju útliti nýrnagaukuls. Á rás 2 var verið að spila Týndu kynslóðina með Bjartmari í að minnsta kosti fjórða sinn þann daginn, þegar síminn hringdi. Á línunni var Stefán Kristjánsson bekkjarbróðir minn úr læknadeild, nú röntgenlæknir en þá ráðningarstjórinn, virðingarstaða á við kaupfélagsstjóra í sveitarfélagi úti á landi. Hann kom sér fljótt að efninu og sagði að ég væri sá eini sem gæti hjálpað honum. Við hann hefði haft samband nafni hans, Stefán Skaftason yfirlæknir á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans og sagt að ef unglæknar mönnuðu ekki einu kandidatsstöðuna á deildinni, yrði henni breytt í stöðu sérfræðings og þá liðið þar til í að lækniskandidatar gætu spreytt sig í háls-, nef- og eyrnalækningum. Þegar ég sagðist skyldu skoða málið var ráðningarstjórinn fljótur að bæta við að þetta erindi yrði að leysast fljótt því viðkomandi yrði að byrja morguninn eftir, það er 1. desember. Ég svaraði því til að á þessu væru tveir annmarkar, í fyrsta lagi að ég væri í vinnu og í annan stað að þá hefði ég alls engan áhuga á háls-, nef- og eyrnalækningum og þótt leysa mætti hið fyrra væru litlar líkur á að ég gæti hjálpað. Ráðningarstjórinn gaf sig ekki og eftir að hafa samið inn eftirsóttar framtíðar kandidatsstöður á lyflækningadeild Landakotsspítala og svæfinga- og gjörgæsludeild Borgarspítala, var ekkert annað eftir en að stilla vekjaralukkuna á 06:45 daginn eftir. Þetta reyndist síðan verða hin skemmtilegasta og áhugaverðasta vist sem hægt og rólega opnaði augu mín fyrir fjölbreytileika sérgreinarinnar, öll kyn, allur aldur og gríðarlega vítt svið greininga, en sagt hefur verið að engin sérgrein innan læknisfræðinnar höndli með eins mörg greiningarnúmer og háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræðin.

Ég hélt út til Svíþjóðar í sérnám 1990, byrjaði í Helsingborg í rúmt ár, áður en ég hélt til Lundar. Á fyrsta degi þar kallaði próf. CM Eneroth mig á sinn fund og sagði að ef ég hefði hug á að vera lengur en sex mánuði í starfi, yrði ég að hefja formlegt rannsóknartengt doktorsnám, en á deildinni væru fjórir mismunandi hópar sem fengjust við rannsóknir á mismunandi sviðum sérgreinarinnar, svo sem miðeyrnabólgu, ofnæmi í efri öndunarvegi, krabbameini í hálsi og svima og jafnvægisvandamálum. Eftir að hafa ráðfært mig við vin, varðandi það hvaða hópur væri virkastur hóf ég rannsóknir á svima og jafnvægi hjá prófessor Måns Magnusson. Árin í Svíþjóð voru einstök, allan sérnámstímann var ráðningin einungis sex mánuðir í senn það er, ég var svokallaður „gräblockare“ með nánast ekkert starfsöryggi, en rannsóknarvirknin hjálpaði til. Sex birtar greinar á næstu þremur árum urðu hryggjarstykkið í doktorsritgerð minni sem fjallaði um innra eyrað og hlutverk þess í stöðustjórnun mannsins, sem ég varði í október 1995. Síðan eru 30 ár og þegar litið er yfir farinn veg hafa grunnildi sérgreinarinnar litið breyst. Birtingarmyndir háls-, nef- og eyrnasjúkdóma sem Stefán Ólafsson kynnti fyrir okkur í kapellunni í Landakotsspítala, eru enn í gildi þótt meðferðarúræðunum hafi fjölgað og tekið á sig nútímalegri blæ þar sem „high tech“ flóknum skurðaðgerðum, yfir í minni inngríp sem oft má framkvæma „í stólnum“ við greiningu, er beitt í bland við snúnar langtíma lyfjameðferðir. Það er of langt mál að nefna til sögunnar allt það einstaka samverkafólk sem mótað hefur mig sem háls-, nef- og eyrnalækni, en vel hefur tekist því ég er enn þeirrar gæfu að njótandi að fá að starfa við mína sérgrein og hlakka til hvers vinnudags hér norður á Akureyri, vinnudags þar sem ég reyni að leysa úr vanda minna sjúklinga, með frábært samstarfsfólk mér við hlið. Inn á



Hannes Petersen

háls-, nef- og eyrnalæknir

milli og eftir á sinni ég mínum rannsóknunum, sem núna snúast aðallega um sjóveiki og verður uppskeruhátið í sumar á sjóveikiþingi sjá: www.motionsickness.is

Líf mitt hefur verið frekar tilviljanakennt og hef ég leyft því að liða án þess að skipuleggja of mikið, þannig var það hending ein, eins og komið hefur fram, að ég varð háls-, nef- og eyrnalæknir, þótt ómeðvituð örlög hafi þar blandast inn í. Tíu árum áður en ég fékk símtalið frá Stefáni, var ég skiptinemi í Sviss og skiptist þá á bréfum við góða vini heima á Íslandi. Einn þeirra var Hallgrímur Helgason og voru bréfasendingar örar okkar á milli og þá oft brugðið á leik með að titla hvor annan með einhverjum þeim starfstítlum sem okkur þóttu fyndnastir og fráleitastir. Í byrjun desember 1977, þá nákvæmlega tíu árum fyrir símtalið örlagaríka, fékk ég þetta bréf, sjá mynd:



„Þetta er kannski eitthvað“

Þegar ég fékk fyrirspurnina hvort ég gæti tekið að mér að skrifa um sérgreinina mína tyllti ég mér við tölvuna og las í gegnum fyrri pistla. Glæsilegir kollegar með skemmtilegar og áhugaverðar frásagnir. Mér varð þá hugsað til þess hvernig ég endaði í þessari sérgrein. Ég er nefnilega ekkert alveg viss. Það bara varð. Það er kannski ansi oft þannig.

Ég hálf álpaðist inni læknisfræði. Þegar menntaskóla lauk hafði annað hvort foreldrið einhvern tímann sagt „ég hugsa þú yrðir ágætur læknir.“

„Já það er kannski eitthvað“ hugsaði ég.

Á þriðja ári valdi ég rannsóknarverkefni innan háls-, nef- og eyrnalækninga (HNE) með Hannesi Petersen, prófessor. Það snéri að jafnvægiskerfi og heyrn fyrirbura seinna í lífinu. Nú skil ég vel að það hljómar kannski ekki mjög spennandi en það var það! Hannesi tókst að minnsta kosti að selja mér það mjög vel.

„Þetta er kannski eitthvað“ hugsaði ég þá.

Nokkrum árum síðar fékk ég sem læknanemi sumarstöðu sem aðstoðarlæknir á HNE-deild Landspítalans. Þar fékk maður að hitta nýfædda sem og níræða með vandamál af öllum stærðum og gerðum. Vandamál sem gjarnan voru fljótleyst og þakklætið mikið. Stuðningurinn og kennslan voru frábær og andinn á deildinni til fyrirmyndar, sem á líklega stóran þátt í að ég laðaðist að sérgreininni. Ég átti margar góðar fyrirmyndir á deildinni heima sem skilaði sér þegar að sérnámi var komið.

„Jú, þetta er sennilega eitthvað“ hugsaði ég.

Að kandidatsárinu loknu var ég

samt óviss. Ég heillaðist líka af svæfingum- og gjörgæslu eins og margir, sem og bráðadeildinni, fann mig ágætlega í hasarnum en dróst alltaf tilbaka til HNE. Fjölbreytileikinn er mikil og sjúklingahópurinn breiður. Flókin og krefjandi anatómía. Ungir sem aldradír. Allt frá hversdagsvandamálum í stórar krabbameinsaðgerðir. Nefstíflur eða flóknir loftvegir. Hið opinbera eða það einkarekna. Möguleikarnir voru margir. Sérgreinin fann mig frekar en ég sérgreinina. Það er kannski bara oft þannig. Ég víxlaði á milli svæfinga og HNE nokkrum sinnum en fann sífellt að áhuginn lá meira með hnífnum, hinum megin við græna tjalðið.

Við enduðum að lokum í Svíþjóð eins og margir aðrir. Fjölskylduvænt. Umhverfið svipað og heima. Ég fékk stöðu á stærstu HNE-deild Svíþjóðar, Sahlgrenska háskólasjúkrahúsins í Gautaborg. Við fjölskyldan erum ekki mikið stórborgarfólk og það er ákveðin smábæjartilfinning í Gautaborg þótt upptökusvæðið sé stórt. Hér er mikið

Á þriðja ári valdi ég rannsóknarverkefni innan háls-, nef- og eyrnalækninga með Hannesi Petersen, prófessor. Það snéri að jafnvægiskerfi og heyrn fyrirbura seinna í lífinu. Nú skil ég vel að það hljómar kannski ekki mjög spennandi en það var það!



Arnar Tulinius

háls-, nef- og eyrnalæknir

um Íslendinga og um tíma kölluðum við hverfið okkar Litla-Ísland þar sem við vorum margar fjölskyldurnar. Við vorum meðal annars fjögur bekkjarsystkinin í sömu götu, sem var algjörlega ómetanlegt og ég er afar þakklátur fyrir þau árin sem krakkarnir gátu bara gengið á milli húsa og stutt var í kaffibolla (rauðvínsglas) með vinum.

Veganestið að heiman var gott í stífu og hröðu sérnámi. Það er nógu erfitt að byrja í nýju landi á nýju tungumáli í afleitum tölvukerfum. Ég man enn eftir svipnum frá hjúkrunarfræðingnum sem var með mér á fyrstu sænsku móttöku minni. Hrein skelfing. Vísindastarfið á Sahlgrenska er sterkt og gjarnan ætlast til þess að það sé stundað samferða klínískri vinnu en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hef ég náð að komast undan því, mér líður best í sjúklingavinnu. Ég er einfaldur vinnuhestur.

Áhuginn lá snemma í höfuð og hálskrabbameini og voru þar að baki góðar fyrirmyndir að heiman: nafni minn, Arnar Þór Guðjónsson, Hannes Hjartarson og Geir Tryggvason sem kenndu mér mikið að öðrum ölstuðum. Þann áhuga tjáði ég snemma í sérnáminu og það varð til þess að beint eftir sérnám varð ég hluti af krabbameinsteyminu hér á Sahlgrenska þar sem ég hef unnið síðustu fjögur árin. Og hér er ég enn.